

Smiðja – 4

7. – 8. bekkur 30. nóvember - 14. janúar

Myndmennt – jólafjör!

Kennari: Vilma

Í desember ætlum við að vinna jólaleg verkefni sem hægt er að gefa í jólagjöf eða nota til skreytinga t.d. í leir og jafnvel þrykk. Svo taka önnur verkefni við í teikningu og málun.

Námsmarkmið: Nemandi getur

- mótað hlut á sjálfstæðan hátt í jarðleir með ýmsum aðferðum
- unnið hugmyndavinnu og prófað sig áfram með efni og aðferðir

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.



Stórir pappamassastafir

Kennari: Silla

Nemendur gera stóran upphafsstaf t.d. fyrsta stafinn í nafninu sínu. Þeir velja sér letur og stækka upp og er stafurinn svo unninn úr pappa og pappír (bleyttum í bókbandslími). Stafurinn er síðan málaður og skreyttur að vild. Lögð er áhersla á að nemendur skreyti stafinn á persónulegan hátt. Stafirnir eru 30 – 50 cm á hæð.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun
- beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni
- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þvíð verk



Útsaumur

Kennari: Ingibjörg

Verkefni: Nota útsaum til skrauts á nytjahlut. Nemandinn velur sér útsaumsaðferð sem hann vill nota, finnur mynstur eða hannar sjálfur. Skreytir síðan nytjahlut með útsaumnum s.s. púða, svuntu, mynd eða eitthvað annað.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- saumað einföld útsaumsspor
- tjáð eigin hugmynd með einfaldri skissu.

Námsmat: Símat er í hverjum tíma, þar sem gefið er fyrir vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, verkfærni, umgengni/ábyrgð og samskipti. Í lok námskeiðsins er gefið í bókstöfum samkvæmt aðalnámskrá og merkt í hæfniviðmið í Mentor.

Heimilisfræði

Kennari: Linda

Verkefni: Í smiðjunni munum við æfa okkur í brauðbakstri, að elda einfalda rétti, leggja snyrtilega á borð og ganga frá, ásamt því að baka sætabrauð. Fræðumst um næringargildi í matvælum, skoðum hvar við getum fundið þær upplýsingar og hvernig maður notar þær. Tökum einn tíma í að leita að uppskrift á netinu sem við prófum síðan.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- unnið sjálfstætt eftir uppskrift
- nýtt margvíslega miðla til að finna uppskriftir
- vaskað upp og gengið frá á réttan hátt
- hafi fengið fræðslu um næringargildi matvæla

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk hæfniviðmiða.

Verkstæði jólasveinsins: Leikfangasmíði

Kennari: Ingólfur

Verkefni: Í þessari smiðju smíðum við jólagjafir; leikföng úr furu fyrir yngstu börnin í fjölskyldunni.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- valið og notað á réttan hátt, mælitæki og verkfæri
- útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.

Tækjætæingur og rafmagnsrugl

Kennari: Eydís

Staður: Stærðfræði 2

Verkefni: Í þessari smiðju ætlum við að taka í sundur ýmis tæki, skoða hvað er inni í þeim og hvað lætur þau virka á réttan hátt. Í þessum tækjum má finna mótora, gorma, tannhjól, ljós, hátalara, rofa, prentplötur og margt fleira. Þar er líka að finna ótrúlegustu smáhluti, oft í skemmtilegum litum sem hægt er að nota úr tækjunum og prófum það eða nýtum það í nýtt verkefni. Áhersla er lögð á að skoða, prófa sig áfram, deila með öðrum, fá hugmyndir og láta reyna á þær. Í lokin prófa nemendur að lóða nokkra hluti á prentplötu og búa þannig til einfalt raftæki eða setja saman skrauthlut.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna
- valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki
- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði
- tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði

Námsmat: Frammistaða í tímum þar sem áhersla er lögð á námsviðmið, frágang, rétta meðferð verkfæra og góð samskipti.

Íþróttir

Kennari: Jói

Staður: Íþróttasalur

Markmið og verkefni: Markmið smiðjunnar er að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi þar sem farið verður í fjölbreyttar íþróttir og ýmislegt prófað, þar á meðal glænýir leikir. Þó verður einnig heimsótt sívinsæla leiki á við Counter strike og Hunger Games.

Námsmat: Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.